

ingsgerð og talið verður til fylgifyrá þess þegar vélarnar hafa verið numdar brott. Samkvæmt því eru ekki forsendur fyrir því að veita stefnanda viðurkenningardóm gagnvart stefnda fyrir eignarrétti að fjórum frysti- og kælivélum með þeim hætti sem hann hefur krafist.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Krafa stefnanda, Kaupfélags Ísfirðinga, á hendur stefnda, Ljóninu sf., um viðurkenningu á eignarrétti að mjólkurkæli 4x8 m og frystiklefa 3x6 m er tekin til greina.

Krafa stefnanda á hendur stefnda um viðurkenningu á eignarrétti að hitakerfi svo og fjórum frysti- og kælivélum er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 23. febrúar 1987.

Nr. 16/1986. **Bergur Garðarsson og
Arnbór Þórssón**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Sverri S. Ólasyni

(Jón Kr. Sólness hrl.)

Kaupsamingur. Ábyrgð á veðskuld. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1986 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 14. janúar s.á. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er deilt um það við hvaða tíma skuli miða lán við

Fiskveiðasjóð Íslands, sem stefndi tók að sér að greiða með kaupsamningi aðila dagsettum 14. janúar 1983. Í málflutningi fyrir Hæstarétti kom fram, að ekki er ágreiningur milli aðila um fjárhæð eða vexti.

Áfrýjendur halda því fram, að samningur um kaup á m/b Sif ÍS 90 hafi komist á í desember 1982, þótt ekki hafi verið formlega frá honum gengið fyrr en 14. janúar 1983. Í desember 1982 hafi eftirstöðvar lána við Fiskveiðasjóð Íslands verið 1.346.000,00 krónur, eins og fram kemur í 6. lið kaupsamningsins. Áfrýjendur halda því einnig fram, að stefndi hafi aflað upplýsinga um eftirstöðvar lánanna.

Telja verður ósannað, að samningur milli aðila um sölu bátsins hafi komist á í desember 1982 svo og að upplýsingar um eftirstöðvar lánanna hafi komið frá stefnda. Samkvæmt beinu ákvæði í kaupsamningnum frá 14. janúar 1983 ábyrgðust áfrýjendur, að ekki hvíldu á bátnum aðrar veðkröfur en í samningnum greindi. Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað sem ákveðst 80.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bergur Garðarsson og Arnþór Þórsson, greiði stefnda, Sverri S. Ólasyni, 80.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 18. júlí 1985.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí sl., hefur Sverrir Sævar Ólason, nnr. 8791-3279, Hafnartúni 8, Siglufirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri laugardaginn 16. febrúar 1985 á hendur Bergi Garðarssyni, nnr. 1055-6228, Sæbóli 7, Grundarfirði og Arnþóri Þórssyni, nnr. 0577-7038, Norðurgötu 11, Siglufirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum kr. 227.202,99 með 42% ársvöxtum frá 14. janúar 1983 til 21. sept-

ember s.á., með 35% ársv frá þeim degi til 21. október s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 6. mars 1985 en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða mati dómsins. Af hálfu stefndu er þess krafist að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og til vara að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Í stefnu eru málavextir tilgreindir á eftirfarandi hátt:

Með kaupsamningi dags. 14. janúar 1983 keypti stefnandi m/b Sif ÍS-90 af stefndu, umsamið kaupverð, kr. 2.450.000,00, greiddi stefnandi með peningum, yfirtók áhvilandi lán og með útgáfu veðskuldabréfa.

Samkvæmt kaupsamningi miðaðist „staða“ yfirtekinna lána við dagsetningu hans. Samkvæmt 6. lið kaupsamningsins tók stefnandi að sér að greiða lán til Fiskveiðasjóðs Íslands „nú að eftirstöðvum kr. 1.346.000,00“ eins og segir í kaupsamningnum. Þegar stefnandi seldi bátinn aftur í september 1983 vöknudu með honum grunsemdir um að eftirstöðvar lána frá Fiskveiðasjóði Íslands hafi ekki verið réttar þegar hann keypti bátinn í janúar 1983. Enda kom í ljós að lánin reyndust vera kr. 1.573.202,99 þegar kaupsamningurinn var gerður 14. janúar. Mismuninn, kr. 227.202,99, hafa stefndu ekki fengist til að greiða þrátt fyrir innheimtutilraunir. Er því málsókn óhjákvæmileg til heimtu skuldarinnar.

Til stuðnings kröfugerð sinni vísar stefnandi til almennra reglna um gagnkvæma samninga.

Í greinagerð segja stefndu málavexti þá að seinni hluta ársins 1982 hafi hafist viðræður milli stefnanda og stefndu um kaup hins fyrrnefnda á m/b Sif ÍS-90.

Samningaviðræður hafi staðið yfir í nokkurn tíma en um miðjan desember hafi kaupin verið afráðin, kaupverðið ákveðið, greiðslukjör og afhending bátsins. Þá þegar hafi Axel Axelsson, sá er síðar útbjó kaupsamning aðila, kannað stöðu lána þar á meðal áhvilandi lán frá Fiskveiðasjóði Íslands og var sú tala sem hann skýrði kaupendum og seljendum frá viðmiðunartala við kaupin. Kaupsamningur hafi hins vegar ekki verið gerður og undirritaður fyrr en 14. janúar 1983, en í millitíðinni höfðu átt sér stað gengisbreytingar sem bæði hækkuðu matið á hinum selda bát sem og lánum Fiskveiðasjóðs í íslenskum krónum.

Kaupverðið hafi verið ákveðið samkvæmt matsverði bátsins á þeim tíma sem kaupin voru ákveðin, það er um miðjan desember. Axel Axelsson hafi þá

tekið saman yfirlit yfir stöðu skulda við sjóði og banka, sem voru áhvílandi á bátnum en kaupandi hafi yfirtekið skuldir og greitt mismun þeirra og matsverðs bátsins með vixlum og skuldabréfi.

Sýknukröfu sína styðja stefndu þeim rökum að fjárhæð skuldar við Fiskveiðasjóð Íslands samkvæmt kaupsamningi aðila hafi verið rétt tilgreind þá kaupin voru gerð um miðjan desember 1982. Þá benda þeir á að gengið var út frá matsverði bátsins við verðákvörðun við sölu en það verð hefði hækkað samsvarandi eða ef til vill meira frá þeim tíma að kaupin voru gerð og kaupsamningur var undirritaður. Af þeim sökum komi krafa stefnanda ekki til greina.

III.

Eftir stefnanda, Sverri Sævari Ólasyni, er bókað fyrir dómi. „Stefnandi segir að viðræður um kaupin hafi hafist um áramótin 1982-1983.

Til grundvallar kaupverðinu var mat Samábyrgðar Íslands en eigendur fá matsverð frá Samáb. Ísl. á tveggja til þriggja mánaða fresti. Ekki kveðst mætti vita hvaða dagsetning hafi verið á framangreindu mati.

Mætti kveðst hafa haft samband við Ólaf Stefánsson hjá Fiskveiðasjóði fyrir undirskrift samnings, en hann hafi ekki viljað né mátt gefa honum upp stöðuna þá en gaf þó tölu af eldri útskrift.

Mætti kveðst ekki hafa beðið Axel Axelsson að gera viðkomandi kaupsamning.

Hann hafi þó verið samþykkur því að Axel gengi frá samningnum. Mætti kveðst ætla að honum hafi orðið ljóst að eftirstöðvar lánsins væru aðrar en í kaupsamningi greinir við undirskrift í maí 1983, er hann seldi bátinn aftur.

Mætti kveðst hafa gert tilboð í annan bát sem Fiskveiðasjóður átti 8. des. 1982, en af þeim kaupum hafi ekki orðið.

Mætti kveðst hafa keypt marga báta áður en hann keypti Sif ÍS-90 en þann 5. des. 1982 hafi hann byrjað að leita að nýjum bát, sem lauk þannig að hann keypti Sif ÍS-90“

IV.

Stefndi Bergur Garðarsson hefur gefið skriflega aðilaskýrslu fyrir dómi.

Fyrir dómi skýrði stefndi Arnþór Þórsson frá því að hann hefði ekki átt neinn þátt í gerð kaupsamnings um bátinn, heldur hafi hann gefið félaga sínum Bergi Garðarssyni fullt og ótakmarkað umboð til þess fyrir sína hönd að sjá um sölu bátsins.

Fyrir dóminn kom vitnið Axel Axelsson og greindi frá eftirfarandi:

Vitnið segir að aðilar málsins hafi komið til sín og beðið sig að ganga frá samningnum og hafi Sverrir verið með allar tölur skrifaðar og hafi hann sagt að þær væru allar pottþéttar og að ekki þyrfti að kanna þær nánar, en vitnið hafi þó kannað stöðu lánsins hjá Fiskveiðasjóði í síma og hafi hann fengið upp tölu sem einhver krónumunur var á og tölu Sverris. Vitnið segir að það hafi aðeins vélritað samninginn eftir fyrirsögn seljanda og kaupanda.

Vitnið segir að það hafi ráðlagt seljendum að draga sölu á bátnum fram yfir áramót, en vitnið minnst þess ekki að Sverrir hafi verið að kaupa bátinn fyrir áramót.

Vitnið segist hafa haft það á tilfinningunni að hefði það legið fyrir við gerð kaupsamnings að lán Fiskveiðasjóðs næmi hærri fjárhæð en í samningi greinir hefði heildarverð bátsins verið hækkað sem því næmi, samanber það að kaupin hafi nánast verið yfirtaka á skuldum þannig að seljendur slyppu skaðlaust frá söluinni.

Vitnið segir að þrátt fyrir sölu á bátnum hafi seljendur þurft að endurgreiða kaupanda greiðslur skv. staflíð 2 til 5 í kaupsamningi vegna hertra öryggiskrafna vegna fiskiskipa og ýmsar aðrar lausaskuldir hafi þeir einnig þurft að greiða vegna útgerðarinnar óháð söluinni á bátnum.

VI.

Álit dómars.

Í máli þessu er deilt um það hvenær kaupsamningur um kaupin á mótorbátnum Sif ÍS-90 komst á og í framhaldi af því við hvaða tíma eftirstöðvar láns Fiskveiðasjóðs Íslands, sbr. lið nr. 6 í kaupsamningi skyldu miðast.

Stefndu hefur hvorki með framlögðum gögnum né vætti vitna tekist að sýna frammá að raunveruleg sala bátsins hafi átt sér stað um miðjan desember 1982, verður því að leggja kaupsamninginn frá 14. janúar 1983 til grundvallar úrlausn þessa máls og verður við það miðað að kaupin hafi farið fram þann dag.

Í 6. tölulið kaupsamningsins segir: „Kaupandi tekur að sér skuld við Fiskveiðasjóð Íslands, nú að eftirstöðvum kr. 1.346.000,00“

Sé litið til dómskj. nr. 4 og dómskj. nr. 9, 10 og 11 kemur í ljós að eftirstöðvar lánanna fyrir greiðslu, en þau eru þrjú, eru nákvæmlega þær sömu, þ.e. lán nr. 5605 kr. 1.024.458,35 án vaxta og dráttarvaxta, lán nr. 5606 sem er vísitölu-tryggt grunnvísitala 192 stig vísitala 14. janúar 1983 1482 stig, eftirstöðvar án vísitölu kr. 47.520,00 x 1482 ÷ 192 = kr. 367.795,00 og lán nr. V 91, sem er bundið RFÍ (Reikningseiningum Fiskveiðasjóðs Íslands), en ein RFÍ jafngildir einni einingu SRD (Sérstök dráttarréttindi sem Seðlabanki Íslands skráir dag hvern á gengisskráningartöflu sinni) sem 14. janúar 1983 var skráð á kr. 20, 33790, eftirstöðvar RFÍ 4.783,00 x kr. 20, 33790 = kr. 97.276,18 án vaxta og dráttarvaxta.

Vextir eru eftirfarandi skv. dómskj. nr. 4: af láni nr. 5605 eru vextir kr. 51.790,84 en dráttarvextir kr. 17.331,47, af láni nr. 5606 eru vextir kr. 842,16 en dráttarvextir kr. 891,45, verðuppbætur á vexti eru kr. 11.647,69 (afborgun x vísitala ÷ upphaflegri) kr. $15.840,7 \times 1482 \div 192 =$ kr. 122.265,00 kr. $106.425,00 =$ kr. 11.647,69 sem eru verðuppbætur á vexti þannig verður uppgreiðslan kr. 1.573.202,99.

Mismunur raunverulegrar uppgreiðslu kr. 1.573.202,99 og eftirstöðva skv. kaupsamningi kr. 1.346.000,00 er því kr. 227.202,99 sem er því stefnukrafa máls þessa, en það breytir engu hér um hver aflaði þeirra upplýsinga um eftirstöðvar lánanna sem lagðar voru til grundvallar við uppgjör milli stefnanda og stefndu er kaupin fóru fram, heldur að eftirstöðvarnar voru rangar.

Hvað varðar þá fullyrðingu stefndu að verð bátsins hefði verið hækkað sem svarar þessum mismun hefði hann legið fyrir við samningsgerð hefur ekkert komið fram í málinu sem sannar gegn mótmælum stefnanda að svo hefði verið sbr. dómskj. nr. 8.

Með vísan til þess sem að framan er rakið þykja stefndu eiga að greiða stefnanda kr. 227.202,99 með 42% ársvöxtum frá 14. janúar 1983 til 21. september s.á., með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 6. mars 1985, en vöxtum skv. lögum nr. 56/1979 (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 47.006,00 (sic).

Málskostnaður ákvarðast kr. 47.006,00.

Erlingur Óskarsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Bergur Garðarsson, Sæbóli 7, Grundarfirði, og Arnþór Þórsson, Norðurgötu 11, Siglufirði, greiði stefnanda Sverri Sævari Ólasyni, Hafnartúni 8, Siglufirði, in solidum kr. 227.202,99 með 42% ársvöxtum frá 14. janúar 1983 til 21. september s.á., með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 6. mars 1985, en vöxtum skv. lögum nr. 56/1979 (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags og kr. 47.006,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.